

RÍKISENDURSKOÐUN

Fall Wow Air hf. Aðkoma Samgöngustofu og Isavia ohf.



Febrúar 2025

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Niðurstöður og samantekt	4
1 Eftirfylgni með tillögum til úrbóta	5
1.1 Úrbótatillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2021 og viðbrögð	6
Tillaga 1: Verklag vegna fjárhagsörðugleika flugrekenda	6
Tillaga 2: Verklag vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar flugrekenda	8
Tillaga 3: Sérfræðipækning og geta þarf að vera tryggð	9

Inngangur

Í samræmi við viðurkennda endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila fylgir Ríkisendurskoðun eftir niðurstöðum stjórnsluúttekta sinna, eftir því sem við á, sbr. 9. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Tilgangur slíkrar eftirfylgni er að kanna hvort og þá hvernig brugðist hefur verið við ábendingum og tillögum Ríkisendurskoðunar og hvort þeir annmarkar sem úttektir hafa leitt í ljós séu enn til staðar.

Með þessari skýrslu gerir Ríkisendurskoðun grein fyrir eftirfylgni með þeim niðurstöðum og tillögum til úrbóta sem settar voru fram í skýrslunni [Fall Wow air hf. Aðkoma Samgöngustofu og Isavia ohf.](#) (mars 2021). Ríkisendurskoðun vann þá úttekt að beiðni Alþingis, sbr. [þskj. 1774 á 149. löggjafarþingi](#). Í beiðninni var þess óskað að Ríkisendurskoðun tæki til skoðunar fjögur meginatriði:

1. Hvernig Samgöngustofu hefði tekist að uppfylla hlutverk sitt samkvæmt lögum um loftferðir og reglugerð um sameiginlegar reglur um flugrekstur og flugþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins ásamt öðrum lögbundnum skyldum.
2. Hvort verkferlum Samgöngustofu hefði verið fylgt, m.a. hvað varðar ákvarðanatöku við meðferð málsins.
3. Aðkomu Isavia ohf. sérstaklega með tilliti til hagkvæmni, meðferðar og nýtingar ríkisfjár og að kannað yrði hvort fyrirtækið hefði farið eftir samþykktum og verkferlum félagsins í viðskiptum þess við Wow air hf., m.a. út frá reglum samkeppnislaga og ríkisaðstoðarreglna.
4. Heimildir Isavia ohf. til að veita flugrekendum greiðslufrest á landingar- og þjónustugjöldum og hvort endurskoða þurfi þær heimildir sem opinber hlutafélög hafa til slíkrar fyrirgreiðslu.

Í skýrslunni setti Ríkisendurskoðun fram þrjár tillögur til úrbóta á ábyrgðarsviði Samgöngustofu og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis (nú innviðaráðuneyti). Tillögurnar lutu að bættum verklagsreglum og skýrari viðmiðum vegna eftirlits Samgöngustofu, bæði þegar vísbendingar um fjárhagsörðugleika flugrekanda lægu fyrir og þegar flugrekendur ráðast í fjárhagslega endurskipulagningu. Þá benti Ríkisendurskoðun á að tryggja þyrfti fullnægjandi þekkingu og getu til að sinna eftirlitinu.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis vísaði skýrslunni til umhverfis- og samgöngunefndar í apríl 2021. Skýrslan og niðurstöður hennar voru kynntar á fundi umhverfis- og samgöngunefndar í sama mánuði. Nefndin lauk umfjöllun sinni um skýrsluna án álits.

Ríkisendurskoðun tilkynnti innviðaráðuneyti og Samgöngustofu um eftirfylgni í apríl 2024. Embættið kallaði eftir upplýsingum um viðbrögð beggja aðila við niðurstöðum og tillögum til úrbóta, sem og svörum um hvort þeir annmarkar og veikleikar sem bent var á væru enn til staðar. Þá var óskað eftir gögnum sem varpað gætu ljósi á þróun mála frá útgáfu skýrslunnar.

Niðurstöður og samantekt

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur Samgöngustofa skýrt og uppfært bæði verklagsreglur og verkferla um eftirlit með fjárhag flugrekanda. Á það jafnt við um verklag þegar grunur er um fjárhagsörðugleika og þegar fjárhagsleg endurskipulagning stendur yfir. Þá er góðs viti að Samgöngustofa hefur leitað til utanaðkomandi sérfræðinga til að tryggja þekkingu og getu til að leggja mat á fjárhag flugrekstraraðila.

Benda verður á að Samgöngustofa dregur í efa hvort rétt sé að beita þeirri heimild að svipta aðila flugrekstrarleyfi séu áhöld um fjárhagslega getu viðkomandi og gefa út tímabundið leyfi meðan fjárhagsleg endurskipulagning stendur yfir. Í ljósi mögulegra neikvæðra áhrifa þess á rekstur viðkomandi verði að beita slíku úrræði af varúð enda hafi stofnunin ætíð heimild til leyfissviptingar telji hún að flugöryggi sé ógnað.

Ríkisendurskoðun telur ekki tilefni til að ítreka tillögur sínar. Embættið brýnir þó fyrir Samgöngustofu og innviðaráðuneyti að komi til þess að reyni á eftirlit stofnunarinnar með fjárhag flugrekanda verði það tekið föstum tókum frá upphafi og að stofnunin beiti lögbundnum heimildum sínum til að tryggja að flugrekandi uppfylli fjárhagsleg skilyrði flugrekstrarleyfis.

Frá því að Ríkisendurskoðun lauk úttekt sinni á aðkomu Isavia og Samgöngustofu að falli Wow air hf. hafa ný lög nr. 80/2022 um loftferðir tekið gildi. Í 198. gr. þeirra er fjallað um stöðvun loftfars vegna ógreiddra gjalda og kyrrsetningu. Þar hafa verið gerðar breytingar á skilyrðum og framkvæmd kyrrsetningar, t.d. með skýrari heimild til stöðvunar loftfars flugrekanda vegna skulda, óháð því hvort þær séu tilkomnar vegna viðkomandi loftfars. Þrátt fyrir það er ekki útséð um hvort einhverjir vankantar séu á ákvæði greinarinnar hvað snýr að forsendum og framkvæmd stöðvunar. Ríkisendurskoðun hvetur innviðaráðuneyti og Samgöngustofu til að meta hvort tilefni sé til endurskoðunar þegar tilhlýðileg reynsla er kominn á framkvæmdina.

1 Eftirfylgni með tillögum til úrbóta

Niðurstaða stjórnsluúttektar Ríkisendurskoðunar árið 2021 var að Samgöngustofa hefði ávallt lagt áherslu á eftirlit með flugöryggi flugfélagsins Wow air hf. Eftir að vinna að ítarlegu fjárhagsmati félagsins hófst í september 2018 hefði stofnunin verið á verðbergi gagnvart því að slæm fjárhagsstaða gæti haft áhrif á flugöryggi og fylgst daglega með stöðu þeirra mála.

Í september 2018 beindi þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti þeim fyrirmælum til Samgöngustofu að gera ítarlegt mat á fjárhagsstöðu Wow air. Samgöngustofa kvaðst þá þegar vinna að slíku mati en formlega hófst það ekki fyrr en tveimur vikum eftir að ráðuneytið hafði gefið stofnuninni fyrirmælin. Ríkisendurskoðun taldi ljóst að ágreiningur hefði verið uppi milli ráðuneytisins og Samgöngustofu um hvað teldist fullnægjandi fjárhagseftirlit. Að mati Ríkisendurskoðunar hefði ráðuneytið mátt bregðast fyrr við og veita Samgöngustofu skýrari tilmæli um fjárhagseftirlit. Í raun hefði verið næg ástæða fyrir Samgöngustofu að herða eftirlitið í maí 2018. Ríkisendurskoðun lagði áherslu á mikilvægi skjótra viðbragða af hálfu Samgöngustofu þegar upp kemur grunur um að flugrekandi uppfylli ekki fjárhagsleg skilyrði sem gerð eru til reksturs.

Samgöngustofa beitti á sínum tíma ekki þeim viðurlögum sem stofnuninni var skylt að beita í ljósi þess að Wow air uppfyllti tæplega lögbundnar fjárhagskröfur flugrekanda, n.t.t. að afturkalla flugrekstrarleyfi eða fella það tímabundið úr gildi og gefa út tímabundið leyfi meðan fjárhagsleg endurskipulagning stæði yfir. Samgöngustofa taldi ekki ástæðu til að grípa til slíkra aðgerða þar sem áætlanir félagsins um fjárhagslega endurskipulagningu hefðu verið raunhæfar. Útgáfa tímabundins leyfis gæti haft skaðleg áhrif á fjármögnunarmöguleika félagsins. Þau úrræði væru auk þess umdeild meðal flugmálayfirvalda í Evrópu. Taldi Ríkisendurskoðun að skyldur Samgöngustofu til að beita þeim úrræðum sem kveðið er á um í lögum og reglum væru ótvíræðar. Umhugsunarvert væri að viðskiptalegir hagsmunir Wow air hefðu haft jafn rík áhrif á framkvæmd eftirlits stofnunarinnar og raun bar vitni. Ríkisendurskoðun taldi að skýrari verklagsreglur, -ferlar og viðmið þyrftu að liggja fyrir um hvenær fjárhagsleg endurskipulagning teldist raunhæf, eftir að ljóst væri að flugrekandi uppfyllti ekki fjárhagslegar kröfur.

Eftir að bera fór á auknum vanskilum Wow air við Isavia ohf. í árslok 2017 jukust samskipti félaganna og voru málefni flugfélagsins rædd ítrekað á stjórnarfundum Isavia á árinu 2018. Að mati Ríkisendurskoðunar fólu þeir greiðslufrestir og lánakjör sem Isavia veitti flugfélaginu ekki í sér óeðlilega ríkisaðstoð. Engin ástæða væri til að gera athugasemdir við heimild opinberra hlutafélaga til að veita slíka fyrirgreiðslu, svo lengi sem hún uppfyllti lagaleg skilyrði og væri á viðskiptalegum grundvelli.

Í skýrslu sinni árið 2021 benti Ríkisendurskoðun á að vafi gæti leikið á því hversu víðtæk kyrrsetningarheimild þágildandi laga nr. 60/1998 um loftferðir væri. Meðan óvissa ríkti um túlkun lagaákvæðisins væri ljóst að rekstrarforsendur og umhverfi flugvallarrekanda og flugrekstrar aðila myndu einkennast af óvissu.

1.1 Úrbótatillögur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2021 og viðbrögð

Ríkisendurskoðandi lagði fram þrjár tillögur til úrbóta á ábyrgðarsviði Samgöngustofu og þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis (nú innviðaráðuneyti). Sú fyrsta varðaði verklagsreglur vegna fjárhagsörðugleika flugrekenda.

Tillaga 1: Verklag vegna fjárhagsörðugleika flugrekenda

Skýrar verklagsreglur, -ferlar og viðmið um eftirlit þurfa að liggja fyrir þegar upp koma vísbendingar um fjárhagsörðugleika flugrekenda og tryggja þarf að tafarlaust sé gert ítarlegt fjárhagsmat þegar vísbendingar eru um að flugrekandi uppfylli ekki skilyrði um fjárhagslega burði. Þá er nauðsynlegt að eftirlitið hefjist með formlegum hætti og því sé markaður tímarammi

Leiði matið í ljós að fjárhagsstaða flugrekenda sé ekki ásættanleg skal fella flugrekstrarleyfi tímabundið úr gildi eða afturkalla það í samræmi við gildandi lagafyrirmæli. Í slíku tilfelli ætti að nýta þá heimild sem er í fyrirliggjandi regluverki til að veita tímabundið flugrekstrarleyfi meðan á fjárhagslegri endurskipulagningu stendur ef áætlanir um fjárhagslega endurskipulagningu eru taldar raunhæfar samkvæmt fyrirliggjandi viðmiðum.

Þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti tók undir tillögu Ríkisendurskoðunar árið 2021 og taldi nauðsynlegt að verklagsreglur Samgöngustofu um öflun fjárhagsupplýsinga frá flugrekendum og áhersluatriði við mat á fjárhag við veitingu flugrekstrarleyfis og viðvarandi eftirlit yrðu teknar til endurskoðunar. Ráðuneytið kvaðst munu fylgja eftir úrbótatillögunni í samræmi við almennt eftirlitshlutverk sitt gagnvart Samgöngustofu.

Í viðbrögðum Samgöngustofu við skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2021 tók stofnunin undir að verklag við fjárhagseftirlit þyrfti að vera eins ítarlegt og kostur væri. Samgöngustofa kvaðst hafa uppfært verklag sem unnið hefði verið eftir samhliða fjárhagslegu eftirliti með Wow air, ásamt því að formgera ferla og skrá ítarleg samtímagögn um hvern áfanga eftirlitsins. Samgöngustofa tók undir að rétt væri að eftirlitið hefðist þannig að tilkynnt væri um það, án tafa og með formlegum hætti, og því markaður tímarammi þegar ítarlegt fjárhagsmat væri hafið skv. reglugerð 1008/2008.

Samgöngustofa tók jafnframt undir að fella bæri flugrekstrarleyfi úr gildi tímabundið eða afturkalla það, leiddi mat á fjárhag í ljós að ekki væru ásættanlegar horfur á að flugrekandi gæti staðið við skuldbindingar sínar. Samgöngustofa tók hins vegar ekki undir tillögu Ríkisendurskoðunar um að nýta bæri heimild til að veita tímabundið flugrekstrarleyfi meðan á fjárhagslegri endurskipulagningu stæði. Benti stofnunin á að ef áætlanir um fjárhagslega endurskipulagningu teldust raunhæfar væri ekki ástæða til að grípa til slíkrar ráðstöfunar. Samgöngustofa gæti hvenær sem er, að undangengnu mati, takmarkað eða stöðvað rekstur félags, sbr. t.d. 84. gr. loftferðalaga. Tímabundin útgáfa flugrekstrarleyfis gæti haft óþörf og neikvæð áhrif á stöðu flugrekenda sem ætti í tímabundnum fjárhagserfiðleikum. Að mati Samgöngustofu yrði þannig ekki séð að neytendum eða stjórnvöldum væri hagur í að slíku úrræði yrði beitt.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2024 vísaði Samgöngustofa til fyrri viðbragða um úrbætur. Þá taldi innanríkiráðuneyti að þær breytingar sem gerðar höfðu verið á tilhögun eftir-

litsins, verkferlum og skráningu þeirra hefðu verið til bóta. Samkvæmt svörum Samgöngustofu við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar hefur stofnunin þurft að viðhafa eftirlit með fjárhag flugrekstraraðila og þá reitt sig á verkferla og verklagsreglur um fjárhagsmat sem skilgreindir hafa verið hjá stofnuninn.

Þess ber að geta að ný lög nr. 80/2022 um loftferðir, sem undirbúin voru af þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti í samstarfi við Samgöngustofu, tóku gildi í júní 2022. Með þeim voru leidd í lög bæði afmarkaðar greinar Chicago-samningsins um alþjóðaflugmál og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/1139 eða svonefnd EASA-reglugerð. Um er að ræða grunnreglugerð á sviði flugöryggis sem tekin hefur verið upp í EES samninginn og markar sameiginlegar reglur um almenningsflug og lagagrundvöll Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins, EASA (e. *European Union Aviation Safety Agency*). Lögin fela í sér ýmis nýmæli, t.d. varðandi ákvæði um stöðvun loftfars vegna ógreiddra gjalda (sbr. 198. gr. laganna). Þá hafa ákvæði um valdheimildir, þvingunarnáttúruákvæði og refsingar verið teknar saman í kafla XX. Þar eru Samgöngustofu m.a. tryggðar heimildir til fyrirvaralausar sviptingar flugrekstrarleyfa að uppfylltum skilyrðum. Rétt er að benda á að reglugerð 1008/2008, sem kveður í 9. gr. á um heimild til útgáfu tímabundins flugrekstrarleyfa meðan fjárhagsleg endurskipulagning fer fram, er enn í gildi.

Málarekstri Isavia vegna kyrrsetningar TF-GPA er nú lokið, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli [nr. 34/2023](#). Í kjölfar dómsins þurfti Isavia að greiða eiganda vélarinnar skaðabætur að fjárhæð 212 m.kr. Frá því að ný lög um loftferðir tóku gildi hefur Isavia í einu tilviki þurft að óska eftir kyrrsetningu loftfars vegna ógreiddra gjalda. Það mál rataði til dómstóla og biður nú meðferðar Landsréttar eftir áfrýjun Isavia á niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur, sbr. [mál nr. E-6120/2022](#).

Samkvæmt svari Isavia við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar eru ný lög um loftferðir skýrari að því leytinu til að ákvæði 198. gr. fela í sér heimild til kyrrsetningar loftfara flugrekanda vegna allra skulda viðkomandi, ekki einungis þeirra sem tengjast beint viðkomandi loftfari. Aftur á móti er að mati Isavia ekki útséð um hvort og þá hvaða áhrif fordæmi Hæstaréttar í máli nr. 34/2023 muni hafi á túlkun ákvæðisins til framtíðar. Þá telur Isavia að þau skilyrði sem kveðið er á um í lögnum vegna kyrrsetningar loftfara hafi að vissu leyti gert framkvæmdina flóknari. Má þar nefna skilyrði um að stofnað hafi verið til gjalda að hámarki sjö mánuðum áður en beiðni um stöðvun er lögð fram. Það geti þýtt að Isavia yrði ómögulegt að kalla eftir stöðvun loftfars gagnvart flugrekstraraðilum sem fljúga óreglulega til landsins. Einnig mætti benda á skilyrði í 6. mgr. 198. gr. fyrir lögveði gjalda að loftfar sé skráð í loftfaraskrá á Íslandi. Jafnframt geldur Isavia varhug við því að Samgöngustofa telji sér ekki heimilt að kanna hvort ógreidd gjöld til Isavia séu til staðar vegna þjónustu við loftfar áður en það er skráð úr landi.

Ekki er kveðið sérstaklega á um endurskoðun laga nr. 80/2022 í þeim sjálfum. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að innviðaráðuneyti og Samgöngustofa meti hvort tilefni sé til endurskoðunar í ljósi reynslu síðustu ára og þá sérstaklega hvað snýr að framkvæmd 198. gr. laganna.

Álit Ríkisendurskoðunar vegna tillögu 1:

Þær ráðstafanir sem Samgöngustofa hefur gripið til varðandi úrbætur á verklagi og skráningu verkferferla vegna fjárhagörðuleika flugrekanda hafa komið til móts við tillögu Ríkisendurskoðunar. Samgöngustofa telur aftur á móti ekki til efni til að beita í ríkari mæli heimild til útgáfu tímabundinna flugrekstrarleyfa þar sem stofnunin hafi skýra heimild til að stöðva reksturinn hvenær sem væri.

Önnur úrbótatillaga Ríkisendurskoðunar fjallaði um verklag Samgöngustofu þegar flugrekandi stendur í fjárhagslegri endurskipulagningu.

Tillaga 2: Verklag vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar flugrekenda

Skýrar verklagsreglur, -ferlar og viðmið þurfa að liggja fyrir þegar leggja á mat á hvort tilraunir til fjárhagslegrar endurskipulagningar flugrekenda teljist raunhæfar.

Geti flugrekandi í fjárhagsvanda ekki sýnt fram á að tilraunir til fjárhagslegrar endurskipulagningar uppfylli viðmiðin ber að afturkalla flugrekstrarleyfi eða bregðast við með viðeigandi hætti.

Í svörum sínum tók þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti undir tillöguna og taldi að setja þyrfti sérstakar verklagsreglur eða ný ákvæði í núgildandi reglur til að vinna eftir þegar fjárhagsleg endurskipulagning standi yfir hjá flugrekanda. Ráðuneytið kvaðst munu fylgja eftir úrbótatillögunni í samræmi við almennt eftirlitshlutverk sitt gagnvart Samgöngustofu.

Samgöngustofa tók einnig undir tillögu Ríkisendurskoðunar árið 2021 um að verklag sem stuðst er við varðandi mat á því hvort fjárhagsleg endurskipulagning teljist raunhæf eða ekki þurfi að vera eins ítarlegt og kostur er. Verklagsregla um fjárhagsmat flugrekenda var uppfærð og gerð skýrari. Samgöngustofa taldi ekki unnt að setja niður nákvæmt viðmið um mat á því hvort tilraunir til fjárhagslegrar endurskipulagningar flugrekenda teljist raunhæfar, enda fari slíkt mat ávallt eftir fyrirliggjandi gögnum og skýringum á hverjum tíma á grundvelli faglegra sjónarmiða um stöðu fjárhags hvers félags fyrir sig.

Í tilviki Wow air hafi heildarmyndin vissulega verið skoðuð að sögn Samgöngustofu. Þá með tilliti til umfangs og aðgerða félagsins til að draga úr starfsemi sinni og minnka þar með fjárhagslegar skuldbindingar sínar, þ.m.t. skuldbindingar við viðskiptavini. Var það mat sérfræðinga að um raunverulega fjárhagslega endurskipulagningu hafi verið að ræða og því taldi stofnunin ekki ástæðu til að svipta eða takmarka rekstrarleyfi Wow air á því tímabili.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2024 vísaði Samgöngustofa til þess að stofnunin hefði haldið áfram að uppfæra og endurbæta verklag vegna mats á fjárhagslegri endurskipulagningu flugrekanda til að styrkja faglegan grundvöll þess. Innviðaráðuneyti svaraði því jafnframt til að ferlið væri skýrara en áður, m.t.t. þess að faglegt mat verði að liggja til grundvallar varðandi það hvort fjárhagsleg endurskipulagning geti talist raunhæf.

Álit Ríkisendurskoðunar vegna tillögu 2:

Þær ráðstafanir sem Samgöngustofa hefur gripið til varðandi úrbætur á verklagi og skráningu verkferferla vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar flugrekanda hafa komið til móts við tillögu Ríkisendurskoðunar. Verklagsreglur eru orðnar skýrari og faglegt mat í forgrunni.

Þriðja og síðasta úrbótatillaga Ríkisendurskoðunar sneri að mikilvægi þess að tilhlýðileg sérfræðipækning og geta væru fyrir hendi í tengslum við fjárhagslegt eftirlit.

Tillaga 3: Sérfræðipækning og geta þarf að vera tryggð

Tryggja þarf að til staðar sé sérfræðipækning og geta til að leysa úr þeim álitamálum sem upp kunna að koma við eftirlit með fjárhag flugrekstraraðila. Sé þekking og geta ekki til staðar þarf að sækja ráðgjöf og aðstoð til utanaðkomandi sérfróðra aðila eins og þörf er á.

Í svörum sínum frá 2021 tók Samgöngustofa undir að gera þyrfti ráðstafanir til að sérfræðipækning og geta til þess að framfylgja ákvæðum reglugerðar nr. 1008/2008 við fjárhagslegt eftirlit væri tryggð. Samgöngustofa taldi á sínum tíma að það hafi verið gert. Auk sérfróðra endurskoðenda fékk stofnunin til liðs við sig, að frumkvæði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, sérfróðan lögmann sem bjó yfir reynslu og þekkingu á eftirliti og endurskipulagningu fyrirtækja. Þó taldi stofnunin að til framtíðar væri æskilegt væri að festa betur í sessi í verklagi stofnunarinnar ráðstafanir um aðgang að sérfræðipækningu. Þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti tók undir tillöguna árið 2021 og kvaðst munu fylgja henni eftir í samræmi við almennt eftirlitshlutverk sitt gagnvart Samgöngustofu.

Við eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2024 kom fram að Samgöngustofa hefði gert samning við PwC um fjárhagsráðgjöf í tilvikum þar sem leggja yrði mat á fjárhag flugrekanda í samhengi við flugöryggi. Þá taldi innviðaráðuneyti ljóst að þær breytingar sem Samgöngustofa hafði gert á verklagsreglum sínum vegna eftirlits með fjárhag flugrekanda, ásamt því að tryggja sér ráðgjöf utanaðkomandi sérfræðinga, hefði tryggt að þekking og geta sé viðunandi.

Álit Ríkisendurskoðunar vega tillögu 3:

Þær úrbætur sem Samgöngustofa hefur gripið til varðandi uppfærslu og skráningu á verklagsreglum og verkferlum við eftirlit með fjárhag flugrekstraraðila, ásamt því að tryggja sér ráðgjöf utanaðkomandi sérfræðinga, hafa komið til móts við tillögu Ríkisendurskoðunar.

RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartún 7, 105 Reykjavík | Glerárgata 34, 600 Akureyri
Sími 448-8800 | postur@rikisendurskodun.is | www.rikisendurskodun.is